

Vestmannaeyjabær  
Ráðhúsinu  
Kirkjuvegi 50  
900 Vestmannaeyjar

Garðabær, 23. febrúar 2024  
Málsnúmer: 202402-0020  
IAS

## Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag í Eldfellshrauni.

Vísað er í erindi frá Vestmannaeyjabæ í gegnum skipulagsgátt, dagsett 5. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag í Eldfellshrauni.

Vestmannaeyjabær hefur hafið undirbúning að gerð nýs deiliskipulags fyrir iðnaðarsvæði í Eldfellshrauni þar sem brýn þörf er á lóðum undir iðnaðarstarfsemi í sveitarfélaginu. Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem athafnasvæði með auðkenni AT-2 í Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035. Samhliða gerð deiliskipulags verður gerð breyting á aðalskipulagi sem felst í að skilgreina reitinn sem iðnaðarsvæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og gerir ekki athugasemdir við breytingarnar en kemur með eftirfarandi ábendingar.

Svæðið sem um ræðir er á mikið röskuðu nútímahrauni og er verndargildi hraunsins því lágt. Það er innan svæðis 723 á náttúruminjaskrá (Helgafell og Eldfell) en afmörkun þess verður örugglega breytt við næstu endurskoðun náttúruminjaskrár vegna gríðarlegs rasks á hluta svæðisins. Einnig er svæði 722 á náttúruminjaskrá, Ystiklettur, og nokkur hverfisverndarsvæði í nálægð við svæðið sem breytingin nær til. Það er því mikilvægt að umgengni og frágangur á svæðinu sé góður, því svæðið sést mjög vel frá þessum verndarsvæðum og getur haft áhrif á upplifun þeirra sem um þau fara.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur

